

BORGARRÁÐ 7. febrúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um álagningu fasteignagjalda - R19020079

Samkvæmt c-lið, 3. gr. laga nr. 30/1995 um tekjustofna sveitarfélaga þá skal leggja á allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum. Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu. Síðan kemur heimildarákvæði í þá veru að sveitarstjórn er heimilt að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá sem eru greindir í c-lið.

1. Er álagið lagt á iðnaðarhúsnæði í Reykjavík?
2. Er álagið lagt á skrifstofuhúsnæði í Reykjavík?
3. Er álagið lagt á verslunarhúsnæði í Reykjavík?
4. Er álagið lagt á mannvirki sem eru nýtt fyrir ferðaþjónustu?
5. Ef svo er, á hvaða grunni er álagningin rökstudd þar sem um heimildarákvæði að ræða?